

3. mál Umræða um styrki til stjórnmaflokka frá Reykjavíkurborg (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Eins og ykkur er kunnugt þá hefur farið fram býsna víðtæk umræða hér um styrki til stjórnmaflokka. Sá sem hér talar flutti nýlega tillögu á borgarstjórnarfundum um það að framlög til stjórnmaflokka árið 2010 yrðu felld niður, það hefur nú ekki náð fram að ganga. Því að mér finnst það algjörlega ótækt að fjórflokkurinn, eins og ég kalla þá – fyrst og fremst fjórflokkurinn, hefur úthlutað sjálfum sér í styrki á þessu kjörtímabili, ef svo fer fram sem horfir, 90% af 130 milljón kr. framlagi ætlað borgarstjórnarframboðum. F-listanum er einungis ætlað 2,5% af þessu þrátt fyrir 10% fylgi og mér finnst þetta mjög slæmt, vegna þess að fyrir liggur, að fyrir síðustu kosningar fór um hálfur milljarður kr. úr vasa fyrirtækja, auðmanna og annarra úti í bæ, bankaræningja og fleiri í vasa fjórflokksins sem kosningastyrkir.

Þannig að hér er verið að auka verulega á mismunum milli borgarstjórnarframboða, að gera okkur sem ekki höfum sterka fjárhagslega bakhjarla nánast ókleift að keppa við fjórflokkinn um það að ná athygli fjölmiðla og kynna okkar málstað. En sá sem hér talar ræddi það einmitt í fyrstu ræðu sinni hér í dag hvað hann hefur átt erfitt uppdráttar með að koma sínum málum á framfæri, því að margir fjölmiðlamenn eru meira áfram um það að klekkja á þeim sem hér stendur en að segja frá því sem hann gerir. Ég nefndi tiltekið dæmi hér áðan í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga, þar sem ég greindi frá fjölmiðlamanni sem er að eigna sér mitt mál á sama tíma og hann hefur aldrei sagt frá því hvað ég hef barist harkalega fyrir sameiningu sveitarfélaga í tuttugu ár hér á þessum vettvangi. Þannig að það er slæmt að styrkir til borgarstjórnarframboða sem áttu að minnka mismuninn og auka vægi fjárlakari flokkanna þeirra sem ver standa að vígi hvað varðar aðgang að fjölmiðlum og fjármagni, að þetta er sem sagt orðið að andhverfu sinni með því að nú er búið að úrskurða að þessir fjármunir eigi fyrst og fremst renna í vasann á flokksskrifstofum sem starfa á landsvísu og hafa ekkert með borgarmál að gera og koma á engan hátt þá þau framlög sem þeim er úthlutað borgarbúum til góða.

Ég var að reikna það út núna að miðað við þann eina styrk sem við í F-listanum fengum og gátum þá auglýst fyrir nú undanfarið til að klára ráðstöfun þessa fjár á

Bstj. 16. febrúar 2010

meðan að við erum ennþá starfandi sem F-listi, því að það er ljóst að við munum ekkert okkar sem starfa í F-listanum núna bjóða fram undir þeim merkjum í næstu kosningum. Við munum öll bjóða okkur fram undir óháðum merkjum H-lista – óháðs framboðs um heiðarleika og almannahagsmuni, án fjárframlaga, án styrkja, án þess að láta aðra borga neitt fyrir okkur, af því að sá sem hér talar mun borga það framboð af skornum skammti alfarið úr eigin vasa. Ég trúi ekki annað en að það muni mælast vel fyrir hjá borgarbúum að fram verði boðið undir merkjum heiðarleika og almannahagsmuna. Framboð sem einungis hefur góð mál á dagskránni og þarf ekki að láta neinn fjármagna sig eða gera sig háðan öðrum, þannig að þeir kjörnu fulltrúar sem mundu ná í gegn í slíku framboði þeir eru engu háðir nema sannfæringu sinni hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Menn þurfa ekki að standa skil á neinu gagnvart einhverjum styrktaraðilum og í raun og veru ekki heldur flokkum, því stjórnmalaflokkar ganga mikið út á það að viðhalda sjálfum sér og kúga þá til hlýðni sem ekki vilja beygja sig undir flokksvaldið. Það þekki ég af langri sögu minni í Sjálfstæðisflokknum sem varði í aldarfjórðung.

Ég var einmitt að hugleiða það að við hefðum getað keypt fyrir okkar styrk árið 2008 samanlagt sex heilsíðu auglýsingar í Fréttablaðinu miðað við það sem Sjálfstæðisflokknum hefur verið úthlutað að öllum líkindum í styrki á þessu kjörtímabili, því þeim stendur til boða meiri styrkir þó okkur geri það ekki. Þá gæti Sjálfstæðisflokkurinn fyrir þær 55 milljónir kr. sem hann og fjórflokkurinn úthlutar sér, Sjálfstæðisflokkurinn bara hann fær 55 milljónir kr. úr vasa borgarbúa til að reka sjálfan sig. Fyrir þetta gæti Sjálfstæðisflokkurinn keypt 110 heilsíðu auglýsingar í Fréttablaðinu, þannig að það væri bara þokkalega gott ef á fjórum árum að sjálfstæðismenn gætu verið með 25-30 heilsíðu auglýsingar, það er sem sagt hálfsmánaðarlega heilsíðu auglýsingar til að minna á málstaðinn og hvað þurfi að gera hér í borgarstjórn.

Það væri ekki dónalegt ef menn stæðu þannig að vígi að geta komið sínum málum fram með þeim hætti, þeir mundu kannski eiga erfitt með að fylla það, því ég hef farið yfir fundargerðir borgarráðs, sérstaklega borgarstjórnar og get staðfest það hér að sá sem hér talar hefur á þessu kjörtímabili flutt fleiri tillögur hér í sal borgarstjórnar en aðrir flokkar samanlagt. Það skiptir auðvitað engu máli. Það er ekki umfjöllunarefni. Það er ekki málstaðurinn sem skiptir máli. Það eru þeir sem

Bstj. 16. febrúar 2010

stjórna fjölmiðlum og hvað þá ýmsum fjölmiðlamönnum sem í besta falli eigna sér góð mál annarra, eins og ég ræddi hér áðan. Menn eru ekkert að hafa fyrir því að segja frá því hvað menn eru að gera í þágu borgarbúa hér í þessum sal. Ég endurtek að mér finnst það grafalvarlegt mál. Á sama tíma er verið að skera niður þjónustu við borgarbúa, segja fólki upp í láglounastörfum og horfa upp á það á sama tíma að forgangsraðað er í 24 milljarða tónlistar- og ráðstefnuhús, en skorið niður í velferðar- og skólakerfinu. Harkalega skorið niður hjá þeim sem jafnvel í eina skiptið á margra ára tímabili vildu komast í ferð á vegum borgarinnar, þá eyða stjórnámálmennt hér í borginni, og að þeim sem hér talar undanskildum, milljónum í sjálfa sig í ferðastyrki og milljónum í sjálfa sig varðandi styrki til flokkanna.

Og þetta bara verður að hætta og ég endurtek kröfuna um það að framlög til stjórnmálaflokka árið 2010 verði felld niður. Þessir peningar eiga að fara til líknar- og velferðarmála og við höfum flutt tillögu um það og krefjumst þess, og við höfum lýst því yfir að ef við hefðum fengið framlag ársins 2009 í okkar hendur þá hefði það ekki farið í okkar vasa, en við hefðum látið það renna til líknar- og velferðarmála. Það er röng forgangsröðun og á sama tíma er harkalega skorið niður þar sem síst skyldi í þessari borg og verið að raða milljónum á milljónum ofan í ferðalög og styrki handa fjórflokknum.

En forseti, ég ætla að leggja fram svohljóðandi bókun til að hafa þetta mál mitt ekki mjög langt, ef ég ætti að segja allt sem mér býr í brjósti um þetta mál þá yrði það löng ræða. Að rifja það upp sem ég sagði hér fyrr á fundinum að ég vil ekki fara að gera þetta að langlokumálfundaræfingum eins og mér finnst stundum bera við, þá legg ég fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

Á fundi borgarráðs 11. febrúar sl. lagði ég fram svohljóðandi bókun:

Á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag er því haldið fram að F-listi Frjálslyndra og óháðra hafi fengið 10% af 130 milljón króna framlagi borgarinnar til stjórnmálasamtaka vegna árána 2007-2010. Fréttina má skilja sem svo að borgarstjórnarflokkur F-lista Frjálslyndra og óháðra að hafi fengið kr. 13 milljónir í styrki frá borginni til rekstrar borgarstjórnarframboðsins. Hið sanna er að árið 2007 fór allt framlagið til skrifstofu Frjálslynda flokksins sem nú er gjaldþrota. Ekki ein einasta króna af framlagi borgarinnar ætlað borgarstjórnar- eða sveitarstjórnarframboði F-lista, rann til framboðsins. Ólafi F. Magnússyni oddvita F-listans var því ætlað að greiða alla reikninga vegna borgarstjórnarflokksins úr

eigin vasa. Það var ekki fyrr en 20. júní árið 2008, sem borgarmálafélag F-lista fékk fyrstu og einu greiðsluna frá borginni kr. 3,4 m.kr. inn á reikning sinn. Ólafur F. Magnússon hefur lagt fram í borgarráði alla reikninga borgarmálafélagsins vegna ársins 2008 og 2009, en seinna árið fékk borgarstjórnarflokkur F-lista engin framlög frá borginni. Skylt er að taka fram að borgarstjórnarflokkur F-lista hefur frá því að hann var myndaður árið 2002 samanstæðið af óháðum fulltrúum og fulltrúum Frjálslynda flokksins. Allir kjörnir fulltrúar F-listans í 9 fagráðum borgarinnar, nema Ólafur F. Magnússon, sem situr í borgarstjórn, borgarráði, forsætisnefnd, umhverfisráði og menningarráði og Magnús Skúlason, sem situr í skipulagsráði eru meðlimir í Frjálslynda flokknum og sitja í kjördæmastjórnnum Frjálslynda flokksins í borginni, sem hafa ályktað hart gegn röngum fullyrðingum formannsins, Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Það er því hrein fjarstæða að borgarmálafélag F-lista sé einkahlutafélag Ólafs F. Magnússonar. Í borgarmálafélaginu sitja m.a. eftirtaldir meðlimir Frjálslynda flokksins: Kjartan Eggertsson, fulltrúi í framkvæmdaráði og menntaráði og Ásdís Sigurðardóttir, fulltrúi í mannréttindaráði, en þau skipa ásamt Ólafi stjórn borgarmálafélagsins. Gunnar Hólm Hjálmarsson er fulltrúi F-lista í velferðarráði, Egill Örn Jóhannesson, fulltrúi í íþrótt- og tómstundaráði og Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi í leikskólaráði. Allir þessir meðlimir Frjálslynda flokksins sitja í kjördæmastjórnnum Frjálslynda flokksins í borginni. Í 10 hverfisráðum borgarinnar sitja m.a. Sveinn Valgeirsson, Guðsteinn Haukur Barkarson og Sigurður Þórðarson, allir meðlimir Frjálslynda flokksins og er Sigurður formaður stjórnar kjördæmaráðs Frjálslynda flokksins í Reykjavík norður. Kjartan Eggertsson, sem áður er nefndur, er formaður stjórnar kjördæmaráðs Frjálslynda flokksins í Reykjavík suður. Skýrara getur það varla verið að borgarmálafélag F-lista er ekki einkahlutafélag Ólafs F. Magnússonar. Eftir fund borgarstjóra og borgarlögmans með Guðjóni Arnari Kristjánssyni rétt fyrir jól sendi borgarlögmaður bréf til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þar sem hún leitar álits ráðuneytisins um hvort ekki beri að greiða styrk borgarinnar ætlaðan borgarstjórnarframboði F-listans til Frjálslynda flokksins á landsvísu. Það myndi þýða að ekki ein einasta króna rynni til borgarstjórnarflokksins og þar með borgarmálanna. Fjármunirnir færu allir í að greiða óráðsú Frjálslynda flokksins. Þetta gengur þvert á álit Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., sem áður sat í embætti borgarlögmans, frá í desembermánuði árið 2008, um að framlög til stjórnmalasamtaka í borginni skuli renna til framboða til sveitarstjórnar, eins og segir í lögum.

Ég fagna því að borgarráð hefur kafið önnur framboð í borgarstjórn um að fara að fordæmi mínu og F-listans með því að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármunum sem borgarstjórnarflokkarnir hafa fengið úthlutað á kjörtímabilinu. Ég minni á þá staðreynd að fjórflokkurinn hefur í fyrsta lagi gífurlegt forskot á F-listann vegna allt að kr. 500.000.000 styrkjum sem hann fékk frá ýmsum aðilum fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Í öðru lagi hefur fjórflokkurinn úthlutað sjálfum sér 90%, í hlutfalli við fylgi flokkanna, af þeim 130.000 milljón krónum sem ætluð er sveitarstjórnarframboðum en F-listanum aðeins 2,5% þrátt fyrir 10% fylgi í kosningum árið 2006. Í þriðja lagi minni ég enn og aftur á þá staðreynd að borgarstjórnarflokkur F-listans krefst þess að því siðleysi verði varpað fyrir róða að veita stjórnmalaflokkum í Reykjavík styrki fyrir tugmilljónir kr. á hverju ári frá borgarbúum.

Bstj. 16. febrúar 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun. Svona að gefnu tilefni, e.t.v. fyrr og síðar, þá er lengd margra bókana sem að hér eru lagðar fram í borgarstjórn ekki í samræmi við 35. gr. samþykktu um fundarsköp borgarstjórnar, þar sem segir að borgarfulltrúar eigi rétt á að fá að bóka stutta athugasemd við fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn. Að þessu sinni mun forseti fallast á þessa bókun eins og hún hefur verið kynnt, en tilkynni jafnframt að á næsta fundi forsætisnefndar að þá mun ég taka þetta mál upp til þess að reyna að færa bókanalengdir ýmissa borgarfulltrúa og framboð hér í borgarstjórn til samræmis við það sem stendur í okkar eigin samþykktum. Fleiri hafa ekki hvatt sér máls. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að taka til máls.

3. mál Umræða um styrki til stjórnámálflokka frá Reykjavíkurborg (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég hafði út af fyrir sig ekki gert ráð fyrir því að kveða mér hljóðs, ég bjóst eiginlega við því að borgarstjóri eða forseti borgarstjórnar mundu skýra frá því hvernig fjárstyrkir til stjórnámálasamtaka hér í borgarstjórn eru til komnir, þannig að það hengi ekki í loftinu ósvarað að hér væri um einhvers konar siðrof gagnvart samfélaginu að ræða. Þessir styrkir eru þannig til komnir að það var um það samstaða í samfélaginu eftir harða baráttu mjög margra manna og kvenna fyrir því, að það ófremdar ástand sem var og leynd yfir styrkjum fyrirtækja til stjórnámálasamtaka yrðu rofin, með því annars vegar að sett voru lög um fjármál stjórnámálflokka og stjórnámálamanna annars vegar og hins vegar hitt, að með þeim takmörkunum sem gerðar voru á framlögum fyrirtækja til stjórnámálflokkanna var viðurkennt að þeir þyrftu engu að síður fjármagn til sinnar starfsemi og fyrir því var séð í ágætri sátt, annars vegar með fjárframlögum frá Alþingi og hins vegar sveitarstjórnnum.

Það er ekki einu sinni þannig að sveitarstjórnnum sé í sjálfsvald sett hvort að framboð sem bjóða fram til sveitarstjórna eigi að greiða slíka styrki, það er skylda. Og hvernig var með þessi mál farið. Jú, það var farið þannig með þau í samningum ríkis og sveitarfélaga að sveitarfélögunum var þetta bætt með því að létta af þeim kostnaði vegna kosninga. Og sú upphæð og sú upphæð nákvæmlega sem að borgin hafði áður af framkvæmd kosninga var sem sagt úthlutað sem styrk til stjórnámálflokkanna, til að innleiða einhverja siðspillingu, nei sannarlega ekki, heldur til þess að hreinsa þetta umhverfi allt saman upp. Til þess að stjórnámálflokkarnir væru ekki lengur háðir stórum styrkjum frá fyrirtækjum til þess að standa fyrir kynningum og auglýsingum í aðdraganda kosninga og í starfsemi sinni almennt. Og ég held að það hafi veri nokkuð sammæli í samfélaginu að þetta hafi verið ekki bara góðar breytingar þó að alltaf megi deila um útfærslu í þessu efni, heldur löngu, löngu, löngu tímabærar breytingar. Og þegar að hér eru höfð uppi stór orð um það og látið ósvarað að einhver fjórflokkur fái 90% af styrkjum til stjórnámálasamtaka, þá er það bara vegna þess að það voru settar hér reglur að framboðin fengju úthlutað í hlutfalli við atkvæðafjölda, í hlutfalli við atkvæðafjölda. Og það gildi líka um framboð F-lista eða Frjálslynda flokksins og við það voru ekki gerðar athugasemdir þar til upphófust deilur um

Bstj. 16. febrúar 2010

hver ætti réttmætt tilkall til þeirra greiðslna. Og það er allt ein hörmungarsaga sem ég er ekki þátttakandi í og ætla mér engan hlut í, en þessu verður einfaldlega að halda til haga hér í þessum sal, vegna þess að þetta var hluti af tiltekt í þessu umhverfi.

Í raun ætti miklu heldur að ræða það hér, að það var samkomulag flokkanna á Alþingi og sett um það sérstök lög að nú ætti jafnframt að setja upp á borðið allar greiðslur til stjórnmalaflokka frá árunum áður, 2002-2006. Og það hefur Framsóknarflokkurinn gert og það hefur Samfylkingin gert og það er Vinstri hreyfingin grænt framboð að gera, en var ekki búin að skila svona samanburðarhæfum gögnum til Ríkisendurskoðunar a.m.k. á réttum tíma hér fyrr á árinu. En þar er eitt alveg risastórt gat og það eru skil Sjálfstæðisflokksins. Og vegna þess að hér á að þegja bara í gegnum þessa umræðu þá held ég að það verði ekki látið hjá líða að spyrja forystu Sjálfstæðisflokksins hér í borgarstjórn hvort að það sé ekki virkilega þannig, að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að birta framlög til flokksins 2002-2006 eins og önnur framboð hafa gert, líka til sveitarstjórnarstyrksins.

Ekki bara til flokksskrifstofunnar heldur líka til sveitarstjórnarstyrksins og þá er líka verið að tala um það að birta nöfn fyrirtækjanna sem að styrkja, vegna þess að það var ekki gert í sendingum Sjálfstæðisflokksins til Ríkisendurskoðunar jafnvel í þeim tilvikum, jafnvel í þeim tilvikum þegar vitað var að um var að ræða þrotabú og í raun býsna mikil nýsköpun í því fólgin að ætla eiga þá væntanlega samskipti við skiptastjóra um það hvort að leyfilegt væri að birta nöfn félaga sem eru farin undir græna torfu.

Þannig að ég held að ætli menn að þegja sig í gegnum það að halda hér til haga hluta af íslenskri stjórnmalasögu sem fólst í því að reyna að koma einhverju lagi á stuðning við stjórnmalasamtök í landinu að þá finnst mér það ekki gott, vegna þess að sú saga er einfaldlega eitthvað sem við þurfum ekki að skammast okkar fyrir. Að þessir styrkir hafi verið færðir úr þessu leyndarrými upp á borðið og opinberað styrki stjórnmalasamtakanna í staðinn, en þá er eðlilegt að fylgja þessu eftir með því að spyrja hvenær er von á þessum upplýsingum frá Sjálfstæðisflokknum.

Bstj. 16. febrúar 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Og þar sem að orðum var beint meðal annars til forseta, þá getur forseti tekið undir þau sjónarmið sem að fram komu hjá borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni og hefur svipaðan skilning á þeim eins og hann lýsti þeim. Og auk þess get ég upplýst líka að þessi mál hafa verið reifuð í forsætisnefnd og farið yfir þau með svipuðum hætti og borgarfulltrúinn gerði hér áðan. Næst tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

3. mál Umræða um styrki til stjórnámálflokka frá Reykjavíkurborg (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég veit ekki alveg hvað borgarfulltrúinn á við þegar að hann segir „þegja sig í gegnum“. Við erum búin að ræða þessi mál hér á þessum vettvangi, ég veit ekki hversu oft við erum búin að ræða þau í borgarráði, að það hefur enginn verið að þegja sig í gegnum eitt eða neitt. Og ég held að það þurfi ekki að áréttta það eða undirstrika það og við höfum öll sagt það margsinnis og ég tek undir það allt sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sagði, að það er ekkert óeðlilegt við þessar greiðslur til stjórnámalasamtaka á vettvangi borgarstjórnar. Og mér finnst stundum eins og menn gleymi því – hlutverkinu sem stjórnámálflokkarnir hafa. Hér tala menn og sérstaklega borgarfulltrúinn sem óskaði eftir þessari umræðu um stjórnámálflokka, eins og þeir séu eitthvað hreyfiafl í samfélaginu.

Stjórnámálflokkar eru frjáls lýðræðisleg samtök sem eru mjög mikilvæg hverju lýðræðisríki, algjörlega nauðsynleg. Og ég veit ekki alveg í hvernig samfélagi borgarfulltrúinn vill búa, en hann vill greinilega ekki búa í samfélagi þar sem að mönnum er leyft að taka þátt í stjórnámalasamtökum og svo skil ég ekki þegar að hann segir það að þessir flokkar að peningarnir sem að þeir fá að þeir séu ekki nýttir í þágu borgarbúa. Ég bara skil ekki hugmyndina á bak við það hjá borgarfulltrúanum. Vegna þess að þetta fjármagn fer auðvitað í starfsemi borgarstjórnarflokkana og um það gilda ákveðnar reglur og lög, eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson fór yfir. Og ég veit ekki alveg í hvað borgarfulltrúinn sjálfur hefur eytt þessum peningum, hann hefur nú eins og hann gerði grein fyrir hér áðan eytt þeim í auglýsingar að hluta til. Hann hefði getað eytt þessum 3 milljónum í að styrkja líknarsamtökin sem hann talar svo digurbarkalega um, hann hefði kannski átt að gera það. En hann kaus að eyða þeim í annað sem hann taldi til hagsbóta fyrir borgarbúa, en það er svo sem hans mál.

En ég tek undir allt það sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sagði. Hér var á sínum tíma stuðst við reglur í langan tíma sömu reglur og gilda á Alþingi, þar sem hafa verið sett lög um það að okkur ber skylda samkvæmt lögum að úthluta fjármagni til stjórnámalasamtakanna. Þannig að öll þessi umræða borgarfulltrúans

Bstj. 16. febrúar 2010

um að hætta þessu og gera þetta ekki og svo framvegis, það er bara lögbrot. Vegna þess að okkur ber skylda samkvæmt lögum, eins og borgarfulltrúanum ætti nú að vera kunnugt um er 5. gr. laga um fjármál stjórnmalasamtaka, þetta eru lög 162/2006 „Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt að styrkja stjórnmalasamtök“. Þannig að borgarfulltrúinn ætti nú kannski að kynna sér löggjöfina áður en hann leggur til að menn brjóti hana.

Varðandi það sem borgarfulltrúinn sagði um það uppgjör sem er eðlilegt og sjálfsagt gagnvart stjórnmalasamtökum og allir flokkar eru að ganga frá núna, þá er auðvitað Sjálfstæðisflokkurinn að því líka, eins og Vinstri grænir. Við erum að ganga frá því. Það er þannig í Sjálfstæðisflokknum eins og menn þekkja að það eru umtalsverð stór og mörg félög, þannig að menn hafa verið að vinna að því og mun að sjálfsgöðu skila því eins og allir aðrir flokkar. Og ef borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefði fylgst með því í fjölmiðlum þá hefur það komið ítrekað fram.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að veita andsvar.

3. mál Umræða um styrki til stjórnámálflokka frá Reykjavíkurborg (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil náttúrulega leiðrétta þessa grófu rangfærslu borgarstjóra sem hlustaði á ræðu mína áðan um að ég heldi því fram að ég hefði látið fjármuni renna til líknar- og velferðarmála af þessum styrk F-listans. Ég hef lagt til að ef við hefðum fengið frekari styrki 2009 og/eða 2010 þá mundum við láta það renna til líknar- og velferðarmála og við höfum krafið hin framboðin um að gera slíkt hið sama. Það liggur alveg fyrir að ef við hefðum fengið meira úthlutað þá hefði í samræmi við okkar skoðun á þessum styrkjum neitað að taka við þeim. Þeir færu ekki í vasa okkar, ekki vasa okkar framboðs, ekki í borgarstjórnarflokkinn heldur í rauninni beint til borgarmálefna og borgarbúa. Hvað er betra eða brýnna í þessari borg heldur en að efla líknar- og velferðarmál, veitir ekki af því að þau eru í rúst eftir hrunið. Hrunið sem er fyrst og fremst orsakað af þeim flokki sem borgarstjóri og formaður borgarráðs koma úr – Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. En ég frábið mér svona setningu á borð við þetta, að ég sé með einhverjar rangfærslur eða bull um það að ég hafi látið fé renna til einhverra aðila, ég hef hvergi sagt það, ég hef sagt hvert ég vilji að þessum fjármunum sé varið, í hvaða mál og hvert þau skulu renna og það eru alveg skýrar línu um það.

Ég vil líka frábiðja mér vegna þess að borgarstjóri hefur hagað sínum málflutningi þannig og borgaryfirvöld að það hefur verið hægt að veða að mér sem er örugglega útgjaldalægsti borgarfulltrúi allra tíma hvað varðar ferðalög og styrki. Ein ferð fyrir 100 þús. kr. til Færeyya borgarstjóri, þú með 2.2 milljónir á svipuðum tíma sem borgarstjóri í 7 ferðum. Ein ferð til Færeyya á 20 ára ferli 100 þús. kr. kostnaður minn vegna ferðalaga og hérna þetta er eini styrkurinn þessar 3,4 milljónir kr. sem F-listinn hefur fengið til síns borgarstjórnarframboðs. Ég hef oft á tíðum vegna þessara aðstæðna þurft að borga úr eigin vasa hluti og ekkert veigrað mér við það, því ég er ekki vanur að senda öðrum reikninginn fyrir mína vinnu hér í borgarstjórn eða viðbótavinnu. Það hafa sumir innan F-listans reynt að gera, leggja fram reikning um að fá viðbótageiðslu frá okkur. Við höfum neitað að greiða þessa peninga í vasa einstaklinga og ég neita að sitja undir því vegna málflutnings borgarstjóra og annarra að það sé reynt að veða að mér með þeim

Bstj. 16. febrúar 2010

hætt að ég hafi stofnað einkahlutafélag til að komast yfir fjármuni borgarbúa. Þetta eru ósannindi og það hefur vegið að mannorði manns með ósannindum.

Forseti: Ég vil biðja borgarfulltrúann um að virða þau tímamörk sem eru sett við þessa umræðu, en borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

3. mál Umræða um styrki til stjórnmálaflokka frá Reykjavíkurborg (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það var enginn að veða að mannorði eins eða neins. Ég var einungis að vekja athygli borgarfulltrúans á því að hann hefur sagt; ef við hefðum fengið meiri pening þá höfum við eytt þeim peningum til ákveðinnar starfsemi hér í borg. Borgarfulltrúinn fékk pening árið 2008 og kaus að eyða honum í eitthvað allt annað. Borgarmálafélag F-listans sem að borgarfulltrúinn leiðir [framícall] [ef að borgarfulltrúinn gæti haft sig hægán á meðan að aðrir tala] hann hefur ráðstafað, borgarfulltrúinn hefur gert ítarlega grein fyrir því að hann hefur ráðstafað því til auglýsinga, en það hefði kannski betur farið í málefni sem borgarfulltrúinn talar svo mikið fyrir hér. Það er einungis það sem að ég er að vekja athygli á og borgarfulltrúinn hlær að því, og málið er honum ekki alvarlegra en svo. En ég vek athygli á því og ítreka það, að þessi lög og þessar reglur sem um þetta gilda eru algjörlega skýr og okkur ber samkvæmt lögum að ráðstafa fjármagni með ákveðnum hætti og það hefur verið gert og það er ekkert að fela í því.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

3. mál Umræða um styrki til stjórnmaflokka frá Reykjavíkurborg (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætlaði mér nú ekki að koma upp undir þessum lið, einfaldlega vegna þess að ég veit ekki hversu oft ég hef komið hingað í púltið til þess að ræða styrki til stjórnmaflokka. Mér fannst ég hafa sagt nóg síðast þegar að þetta var rætt, ég held að það hafi verið á síðasta borgarstjórnarfundi, þá bókuðum við um málið. Þannig að ég skil ekki alveg þegar að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson er að tala um að þegja sig í gegnum umræðuna nema það hafi verið skot á Sjálfstæðisflokkinn. En staðan er sem sagt sú að borgarstjórnarflokkur Vinstri grænna lagði til við gerð fjárhagsáætlunar að styrkir til borgarstjórnarflokka eða stjórnmaflokka í Reykjavík frá sveitarstjórninni yrðu lækkaðir um helming og sú tillaga liggur enn í forsætisnefnd, og það stóð til að afgreiða hana á síðasta fundi nefndarinnar en að minni ósk, þar sem að ég gat ekki mætt, þá var því frestað og væntanlega verður hún afgreidd á næsta fundi forsætisnefndar.

Rökin fyrir því að lækka þessa greiðslu eru einfaldlega þau, að sjálfsgöðu skiljum við mikilvægi þess og áttum okkur á lagalegu skyldu sveitarfélagsins til þess að greiða stjórnmaflokkum ákveðna styrki og það er sagt sem sagt þar, að þeir styrkir eigi að renna til sérfræðiaðstoðar þeirra sem að stjórnmaflokkarnir leita eftir. Og ég tel ákveðin rök fyrir því að það þurfi að hafa ákveðið fjármagn til þess, sérstaklega minnihluta flokkarnir, vegna þess að þeir sem eru í minnihluta, því miður, í Borgarstjórn Reykjavíkur hafa mun minni aðgang að sérfræðingum og embættismönnum borgarinnar en þeir sem eru í meirihluta og ég hef ítrekað mælt fyrir því að þessu verði breytt.

En í það minnsta erum við ekki að mæla gegn því og ekki að mæla fyrir því að þessum lögum verði breytt, heldur erum við í ljósi aðstæðna að mæla fyrir því að styrkirnir verði lækkaðir einfaldlega vegna þess að við þurfum á fjármagninu að halda í annað og þó þeir væru lækkaðir um helming, þeir voru sem sagt hækkaðir á því herrans ári 2007, það var í fjárhagsáætlun 2007 sem að styrkirnir voru hækkaðir og tímarnir hafa breyst og nú þurfum við hverja krónu til þess að sinna grunnskyldum okkar – bara grunnþjónustunni og okkur finnst þess vegna rök fyrir

Bstj. 16. febrúar 2010

Því að við lækkum þessa upphæð um helming, þ.e.a.s. úr 30 milljónum í tæplega 15 milljónir.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá verður tekið fyrir mál nr. 4 á dagskránni sem er; umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar). Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.